

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu, VE 500, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Már Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga. Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 232/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Jens Emil Snæbjörnssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1969, sem barst dóminum sama dag.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1969.

Ár 1969, þriðjudaginn 2. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

28. f. m. var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar, að nóttina á undan hefði verið framið innbrot í Radióvinnustofu Vilbergs og Þorsteins að Laugavegi 80 hér í borg. Í innbrotinu var stolið ferðaviðtæki, peningum, tékkum, ónotuðu tékkhefti og ógildum íslenskum peningaseðlum.

Í gærdag frétti rannsóknarlögreglan, að Jens Emil Snæbjörnsson, atvinnulaus verkamaður, Hverfisgötu 83 hér í borg, hefði verið með nokkuð af peningum undir höndum, en hann hefur ekkert unnið að undanfögnu. Var Jens Emil handtekinn um kl. 1600 í gærdag. Við leit á honum fannst tékkhefti það, er stolið var í greindu innbroti, svo og ógildir peningaseðlar eins og þeir, er stolið var.

Jens Emil neitar greindu innbroti, en kveðst hafa fundið tékkheftið og seðlana s.l. laugardag í gangi hússins Hverfisgötu 83 og hafi það legið innpakkað í dagblað milli ofns og hillu, sem sé ofan á honum. Athuganir rannsóknarlögreglunnar hafa leitt í ljós, að hillan er föst við ofninn og ekki pláss fyrir tékkheftið og seðlana þar á milli.

Rannsókn málsins að öðru leyti er á frumstigi. Þykir því nauðsyn til þera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða í gæzluvarðhald, en samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur brot það, sem hann er grunaður um, varðað fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 40 dögum.

Ályktarorð:

Jens Emil Snæbjörnsson skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 40 dögum.
